

Garðabæ 09.08.2018


Frá íþróttafulltrúa Garðabæjar

Upplýsingar um aðsóknartölur í sundlaug Garðabæjar í Ásgarði vegna tilraunar með opnunartíma yfir sumarið til kl. 22:00 alla daga vikunnar (líka um helgar).

Sundlaugin opnaði eftir endurbætur 19. apríl kl. 10:00

Lengri opnun

Í tilefni af enduroppnun og undirritun samnings við Landlækni um heilsuefandi samfélag var ákveðið að gera tilraun með að hafa opið til 22:00 alla daga vikunnar sumarið 2018. Á sama tíma var ákveðið að gefa börnum upp að 18 ára aldri gjaldfrítt í sund.



Mynd 1: Heildaraðsókn skipt á klst. á opnunartíma laugarinnar alla daga vikunnar.

Ljóst er að lengri opnun nýtur vinsælda virka daga hjá yngra fólki og íþróttafólki sem lokið hefur æfingum. Um helgar er aðsókn nokkuð jöfn yfir daginn frá kl. 10-17, en nokkru fleiri nýta sér lengri opnun frá 18:00 til 22:00 á sunnudögum en laugardögum.

Aðsóknartölur


Aðsóknartölur í þessari samantekt ná frá 23. apríl til 25. júlí 2018.

Aðsókn skiptist þannig að 67 ára og eldri eru 20% eða 8.170 heimsóknir. Ársmiðar fullorðinna 18-66 ára eru 6,4% eða 2.593 heimsóknir. Tímabilsmiðar 10 og 30 skipta kort eru 26,6% eða 10.834 skipti. Staðgreiðsla stakra skipta er 42,1% eða 10.834 skipti. Alls hafa því verið 40.762 heimsóknir í Ásgarðslaug þessa fyrstu 3 mánuði af opnunartíma laugarinnar eftir endurnýjun. Þetta er utan skólasunds og námskeiða Stjórnunnar.

Tekið skal fram að sumarið hefur verið sólarlaust og vætusamt.

Tafla 1: Heildaraðsókn skipt á klst. meðan opið er og meðalaðsókn þær 13 helgar sem tilraunin hefur staðið.

Kl.	laugard.	sunnud.	meðaltal	
			lau	su
08:00	344	218	26,5	16,8
09:00	376	254	28,9	19,5
10:00	557	514	42,8	39,5
11:00	631	516	48,5	39,7
12:00	540	559	41,5	43,0
13:00	534	548	41,1	42,2
14:00	427	510	32,8	39,2
15:00	464	511	35,7	39,3
16:00	535	564	41,2	43,4
17:00	412	463	31,7	35,6
18:00	295	256	22,7	19,7
19:00	191	338	14,7	26,0
20:00	238	425	18,3	32,7
21:00	118	141	9,1	10,8



Mynd 2: Heildaraðsókn í Ásgarðslaug um helgar skipt á klst. opnunartímans.

Þessi tilraun með opnunartíma hefur kollvarpað vaktakerfi starfsmanna, einkum um helgar. Framhald getur ekki orðið á opnun til 22:00 um helgar nema segja vaktakerfinu upp. Nú eru eftir þrjár helgar þar sem opið er svona lengi. Lokað verður í Ásgarðslaug 13. til 19. ágúst vegna smávægilegra lagfæringa sem klára þarf fyrir veturinn. Eftir þessa lokun verður lýkur þessari tilraun með viðbótaropnun laugarinnar.

Virðingarfyllt,

Kári Jónsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar